

# Fundargerð 54. fundar

## verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2020, miðvikudaginn 20. maí kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerðir 52. fundar og 53. fundar. - 1810077SA

Fundargerðir verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 17. janúar og 13. mars sl. voru lagðar fram til samþykktar.

*Fundargerðirnar voru samþykktar og verða undirritaðar þegar verkefnisstjórnin kemur saman að nýju.*

### 2. Kostnaðaráhrif frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs - 1912016SA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga vann kostnaðarmat vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu kynnti niðurstöður kostnaðarmatsins og fór yfir þær sviðsmyndir um hirðu úrgangs við húsvegg sem matið byggir á. Rætt var um að til að ná gleggri mynd af kostnaði mismunandi hirðulausna þyrfti að taka inn fleiri þætti, s.s. mun á hirðukostnaði eftir þéttleika byggðar, mismunandi endurvinnslumöguleika úrgangsstrauma og rýmd þess úrgangs sem íbúar geta losað sig við. Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs upplýsti að komið væri á reglulegu samtali milli sambandsins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um frumvarpið sem ætlunin er að leggja fram á haustþingi. Í því samtali eru væntingar um að gleggri mynd fái á raunkostnaði mismunandi hirðulausna.

### 3. Umsögn sambandsins um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir (plastvörur), 720.mál. - 2005007SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu kynnti umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (plastvörur), dags. 20. maí sl. Með frumvarpinu er stefnt að því að draga úr áhrifum af notkun plasts

á umhverfið og heilsu fólks og jafnframt að vekja neytendur til umhugsunar um neyslu og umhverfisáhrif plasts, draga úr notkun einnota plastvara og styðja við notkun endurnotanlegra vara. Verði frumvarpið að lögum verður óheimilt að setja á markað tilteknar plastvörur, merkja þarf sérstaklega tilteknar einnota plastvörur til upplýsingar fyrir neytendur, óheimilt verður að afhenda tilteknar einnota plastvörur án endurgjalds á sölustöðum, gerðar verða auknar kröfur um gerð og samsetningu tiltekinna einnota plastvara og fræðsla og upplýsingagjöf um plastvörur verður eflid. Sambandið hefur unnið umsögn um málið á fyrri stigum, dags. 16. janúar sl., til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Afstaða sambandsins er að vísa ætti málinu til frekari vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

*Verkefnisstjórnin tekur undir umsögn sambandsins og að vísa eigi málinu til frekari vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu með hliðsjón af þeim ábendingum sem koma fram í umsögninni.*

#### **4. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2003022SA**

Ólafur Kjartansson framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs mætti á fundinn og kynnti starfsemi og hlutverk sjóðsins. Úrvinnslusjóður, sem settur var á fót með lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, telst til kerfis sem byggir á framlengdri framleiðendaábyrgð. Slík kerfi hafa það markmið að tryggja að framleiðendur vöru beri fjárhagslega ábyrgð, eða fjárhags- og skipulagslega ábyrgð, á meðhöndlun vörunnar þegar hún er orðin að úrgangi. Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann skal með hagrænum hvötum koma upp skilvirkri fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er tilkominn vegna vara sem falla lögin.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/851, sem er hluti af innleiðingu ESB á svokölluðu Hringrásarhagkerfi, mun að líkindum fela í sér breytingar á hlutverki Úrvinnslusjóðs. Í tilskipuninni er ákvæði sem kveður á um almennar lágmarkskröfur sem gerðar eru til kerfa sem byggja á framlengdri framleiðendaábyrgð. Kröfurnar gilda hvort tveggja um ný kerfi og um kerfi sem þegar voru til staðar við gildistöku tilskipunarinnar. Úrvinnslusjóður hefur nýlega unnið stefnumótun stjórnar sjóðsins þar sem sett er fram framtíðarsýn til 2025, gildi sjóðsins og áherslur næstu þriggja ára. Kynntir voru helstu vöruflokkar sem sjóðurinn vinnur með, skilmálum sem um þá gilda og sagt frá samningum um einstaka vöruflokkka eins og t.d. veiðarfæri. Ársreikningar sjóðsins frá 2017 hafa enn ekki verið samþykktir af stjórn þar sem meðferð á tekjum úrvinnslugjalds í ríkisreikningi er ekki í samræmi við lög um úrvinnslugjald vegna breytinga á meðferð tekna af úrvinnslugjaldi. Frá og með 1. janúar 2017 hafa tekjur af úrvinnslugjaldi verið færðar sem skatttekjur en sjóðurinn hafi á móti fengið framlag úr ríkissjóði sem nemur tekjuáætlun sjóðsins.

*Verkefnisstjórnin leggur áherslu á að einstök mál er varða úrgangsstjórnun sveitarfélaga og kostnað af henni, sem ekki gafst tími til að ræða á fundinum, verði tekin upp við fulltrúa Úrvinnslusjóðs á næsta fundi stjórnarinnar.*

Friðrik Klingbeil Gunnarsson mætti á fundinn undir þessum lið.

## 5. Stofnun úrgangstölfræðihóps - 2002008SA

Birgitta Stefánsdóttir og Steinunn Karlsdóttir sérfræðingar á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun mættu á fundinn og ræddu tilgang og markmið fyrirhugaðs úrgangstölfræðihóps. Umhverfisstofnun hefur tekið vel í tillögu verkefnisstjórnar frá því 13. mars sl. um stofnun vinnuhóps sambandsins og Umhverfisstofnunar sem hefur það hlutverk að tilgreina þær tölur sem nýtast sveitarfélögum við hönnun úrgangsstjórnunarkerfa og til mats á árangri. Tillagan kom í kjölfar umfjöllunar um bréf Umhverfisstofnunar, dags. 10. janúar sl., til allra sveitarfélaga um magn heimilisúrgangs og endurvinnsluhlutfall viðkomandi sveitarfélags.

*Verkefnisstjórn leggur til að Eygerður Margrétardóttir, Freyr Ævarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson sitji í úrgangstölfræðihópi að hálfu sambandsins. Frá Umhverfisstofnun sitja í hópnum Birgitta Stefánsdóttir, Steinunn Karlsdóttir og Guðrún Lilja Kristinsdóttir. Hlutverk hópsins er að tilgreina grundvallartölur sem sveitarfélögin þurfa til hönnunar úrgangsstjórnunarkerfa og til mats á árangri þeirra. Jafnframt er hópnum falið það verkefni að draga fram hverjar eru ástæður talnavöntunar ef fram kemur vöntun í magnbókhaldi og vinna tillögur til úrbóta. Stefnt skal að því að niðurstöður hópsins liggi fyrir á nóvemberfundi verkefnisstjórnar.*

## 6. Svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs - 1511257SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála sagði frá fundum sambandsins og Umhverfisstofnunar um svæðisáætlanir sveitarfélaga um meðhöndlun úrgangs. Birgitta Stefánsdóttir og Steinunn Karlsdóttir sérfræðingar á sviði loftslagsmála og græns samfélags hjá Umhverfisstofnun tóku þátt í umræðu undir þessum lið.

Umhverfisstofnun óskaði eftir upplýsingum, með tölvupósti sem barst 2. mars sl., um utanumhald sambandsins um gildandi svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs á landinu. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skulu sveitarfélög semja og staðfesta svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn skal jafnframt senda Umhverfisstofnun upplýsingar um útgáfu og veigamiklar endurskoðanir á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á því formi sem stofnunin leggur til. Ástæða fyrirspurnar Umhverfisstofnunar er að misbrestur hefur verið á að áætlanirnar berist stofnuninni, en stofnunin sendi sveitarfélögum bréf, dags. 6 nóvember 2017, þar sem óskað er eftir að svæðisáætlunum sé skilað á ákveðnu formi í þjónustugátt Umhverfisstofnunar. Sambandið er með í undirbúningi samtal við sveitarfélög um gerð svæðisáætlana síðar á árinu og mun afrakstur funda með Umhverfisstofnun nýtast í þá vinnu. Svæðisáætlanir þurfa skv. 1. mgr. 6. gr. ofangreindra laga að fylgja stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs en stefnan er enn í undirbúningi.

## 7. Meðhöndlun úrgangs á tímum COVID-19 - 2003019SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu kynnti minnisblað sambandsins um mat Almannavarna á nauðsynlegum innviðum úrgangsmála,

dags. 15. maí sl. Einnig sagði hún frá samstarfi sambandsins, Umhverfisstofnunar og Almanna- og Almannavarna um vöktun úrgangsmeðhöndlunar og aðgerðir til að tryggja rétta meðhöndlun úrgangs á neyðarstigi vegna heimsfaraldurs COVID-19.

Í gildi er áætlun Umhverfisstofnunar um meðhöndlun úrgangs og smithættu af úrgangi auk þess sem stofnunin hefur gefið út tilmæli um að unnið sé eftir verklagsreglum sem Umhverfisstofnun gaf út vegna smithættu af úrgangi og meðhöndlun úrgangs sem eiga við um starfsmenn sem vinna við meðhöndlun úrgangs. Áætlunin og verklagsreglurnar eru í sífelldri endurskoðun en nýjustu útgáfuna má finna á vef Umhverfisstofnunar. Í tölvupósti sem barst frá Umhverfisstofnun þann 29. apríl sl. segir að frá og með mánudeginum 4. maí skuli unnið samkvæmt sviðsmynd B í áætluninni.

Almannavarnir hugðust gefa út leiðbeiningar um meðhöndlun úrgangs á neyðarstigi skv. tölvupósti sem barst þess efnis 1. apríl sl. og liggja fyrir drög að slíkum leiðbeiningum. Ákveðið var að falla frá þeirri vinnu þar sem þess var ekki talist þörf en beina sjónum frekar að úrgangsmálum í mati Almanna- og Almannavarna á nauðsynlegum innviðum. Almanna- og Almannavarnir sendu út könnun í samráði við sambandið og Umhverfisstofnun til sveitarfélaga, þjónustuaðila, sorpsamlaga, starfsleyfishafa urðunarstaða og annarra sem koma að úrgangsmálum. Niðurstaða könnunarinnar barst sambandinu og Umhverfisstofnun þann 11. maí sl. og skiluðu stofnanirnar sameiginlegu mati þann 13. maí. Matið byggir á fyrrnefndri könnun auk þess sem stuðst var við samtöl við ýmsa sem koma að meðhöndlun úrgangs.

#### **8. Eftirlit og kröfur til vöktunar starfræktra og aflagðra urðunarstaða - 2001030SA**

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu og Ína Björk Ársælsdóttir verkefnisstjóri Húnaþings vestra kynntu minnisblað, dags. 11. mars sl, varðandi eftirlit og kröfur til vöktunar starfræktra og aflagra urðunarstaða. Einnig var lagður fram til kynningar undir þessum lið tölvupóstur Umhverfisstofnunar sem móttækin var 20. febrúar sl. ásamt skjölum sem send eru til rekstraraðila vegna mælinga á uppgufun á urðunarstöðum. Tölvupósturinn var sendur í tengslum við 2. lið III. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þar sem fram kemur að afla skuli veðurfræðilegra gagna við vöktun á urðunarstað eða frá næstu veðurathugunarstöð á rekstartíma og eftir lokun, þar með talið daglega uppgufun. Rætt var um að kröfur til eftirlits og vöktunar starfræktra og aflagðra urðunarstaða og brennslu úrgangs hafi aukist og að kostnaður hafi aukist vegna þessa.

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu ásamt fulltrúum úr verkefnisstjórn vinnur málið áfram í samstarfi við Umhverfisstofnun. Í frekari vinnu verður m.a. lögð áhersla á að einfalda skil á gögnum vegna vöktunar og eftirlits urðunarstaða til Umhverfisstofnunar og skoða forsendur fyrir því að staðla þau í meira mæli og draga úr kostnaði. Einnig er lagt til að óskað verði eftir því við Umhverfisstofnun að stofnunin rýni svigrúm í regluverki til að vöktunaráætlanir taki í meira mæli mið af því að aflagðir urðunarstaðir eru margir mjög litlir og óveruleg mengunarhætta stafar af þeim. Það sama á við um starfandi urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang. Verkefnisstjórnin telur ástæðu til að óska eftir gögnum frá

Umhverfisstofnun um fjölda urðunarstaða og hvað stofnunin innheimti í eftirlitsgjöld vegna þeirra á árinu 2019.

Friðrik Klingbeil Gunnarsson og Steinþór Þórðarson viku af fundi.

#### 9. Samræmdar merkingar úrgangstegunda - 2001075SA

Verkefnisstjóri umhverfis- og úrgangsmála hjá sambandinu greindi frá vinnu við samræmdar merkingar úrgangstegunda. Hún sat ásamt Áslaugu Huldu Jónsdóttir starfsmanni Fagráðs um endurvinnslu og úrgang (FENÚR) þann 11. maí sl. fund norræns hóps um samræmdar úrgangsmarkningar. Forsaga fundarins er að Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hafði beint því til sambandsins og FENÚR að skoða mætti hvort ástæða væri til að Ísland yrði þátttakandi í verkefninu. FENÚR hefur haldið utan um sameiginlegar merkingar á Íslandi og í vetur hefur félagið unnið að undirbúningi að uppfærslu á þessum merkingum. Löndin hafa unnið eftir forskrift frá Danmörku og er vinnan langt komin í Svíþjóð auk þess vinna er hafin í Noregi og Finnlandi að aðlaga dönsku merkingarnar að svæðisbundnum aðstæðum. Sambandið og FENÚR hafa hafið vinnu við að þýða merkingarnar yfir á íslensku og staðfæra þær eftir því sem þurfa þykir. Fenúr fyrirhugar að óska eftir ábendingum um aðlögun merkinganna að íslenskum aðstæðum frá helstu hagsmunaaðilum.

*Verkefnisstjórnin tekur vel í hugmynd um samræmdar úrgangsflokkamerkingar og væntir þess að FENÚR stofni til samtals við helstu hagsmunaaðila og fari yfir sjónarmið þessara aðila áður en merkin verða gefin út.*

#### 10. Önnur mál - 1803048SA

Guðmundur Tryggvi Ólafsson sagði frá vinnu við heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðnu. Fyrirhugað er að gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs. verði tekin í gagnid í júní 2020. Stöðin er liður í að hætta urðun lífræns og brennanlegs úrgangs. Mat á þörf á byggingu brennslustöðvar fyrir úrgang og á kostnaði við útflutning brennanlegs úrgangs er hluti af því mati sem verið er að vinna.

Næsti fundur var ákveðinn 7. september nk.

Fundi var slitið kl. 13:30

---

Steinþór Þórðarson

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson

---

Guðmundur Tryggvi Ólafsson